

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 157 17. júlí 1950, fyrir Dalvík,  
sbr. reglugerðir nr. 59 26. marz 1965 og 3. desember 1971.

## 1. gr.

24. grein orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjald og bryggjugjald eru herskip, skemmtiferðaskip, islenzk vitaskip og varðskip.

## 2. gr.

25. grein orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldldagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

## 3. gr.

IX. kafli (26., 27. og 28. gr.) falli niður og breytist röð eftirfarandi greina og kafla til samræmis við það.

## 4. gr.

34. grein, sem verður 31. grein, orðist þannig:

**Vörugjöld.**

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnarvörur, fatnaður.

**3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:**

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutar til þeirra, heimilisvélar og skrifstofu-  
vélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki,  
húsgögn. Útvarps- og sjónvarpsæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjón-  
aukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

**4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:**

Timbur og annað eftir rúmmáli.

**5. fl.: Gjald 1%:**

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

**5. gr.**

XI. kafli (37. gr.) fellur niður og breytist röð eftirfarandi kafla og greina í samræmi við það.

**6. gr.**

XII. kafli, sem verður X. kafli, og 38. grein, sem verður 34. grein, orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiða gjald þetta eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

**7. gr.**

44. grein, sem verður 40. grein, orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari verða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Dalvíkurhrepps.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 13. október 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*